

Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni BLÍ

Tillaga að viðbót 1.8.1 **MEIRHÁTTAR**

Ávallt skulu að minnsta kosti þrír leikmenn inn á vellinum í hvoru liði fyrir sig vera gjaldgengir til þátttöku með íslenska landsliðinu í blaki á mótum á vegum CEV.

Skulu viðurlög við brotum á reglunni vera í samræmi við reglugerð um „Viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna.“

Ástæða:

Nú teljum við algerlega nauðsynlegt að horfa til þess að BLÍ hefur stigið stór skref í að efla þátttöku landsliða Íslands í alþjóðlegum mótum á komandi árum og því er mikilvægt að félögin taki þátt í þeirri vegferð og vinni að því að stækka mengi þeirra leikmanna sem hægt er að velja til þeirra verkefna sem framundan eru. Það verður bara gert með því að fjölga tækifærum fyrir mögulega landsliðsleikmenn til að spila á efsta getustigi íþróttarinnar sem boðið er uppá hér á landi.

Árið 2018 var afnumin regla hjá KKÍ, svokölluð 4 – 1 regla, sem miðaði að því að halda aftur af fjölda erlendra leikmanna í liðum á Íslandi og fjölga tækifærum fyrir unga íslenska leikmenn í efstu deildum. Grímur Atlason gerði könnun árið 2020 um spilatíma íslenskra leikmanna og uppfærði þær tölur 2023.

Fimm árum eftir að 4 – 1 reglan var afnumin hafði íslenskum leikmönnum í efstu deildum hjá KKÍ fækkað um 33% og leikmönnum á aldrinum 20 – 26 ára hafði fækkað um tæp 50%. Það er skýr vísbending um það hve brottfall getur orðið mikið á þessum viðkvæma aldri, sem rekja má beint til skorts á tækifærum til að fá að spila.

Þessar niðurstöðu geta gefið okkur smá sýn á það hverju við gætum náð fram með því að fjölga tækifærum mögulegra landsliðsmanna til að spila í efstu deildum karla og kvenna. Staðan kvenna megin er ekki alslæm þetta tímabilið í blakinu en stráka megin er staðan mjög viðkvæm en um leið eru þar betri tækifæri en áður til úrbóta. Sjaldan höfum við haft eins marga stráka á unglingsaldri en akkúrat núna og það er gefið mál að ef þeir fara ekki að fá sín tækifæri þá fer að kvarnast fljótlega úr þessum hóp.

Með því að fjölga mögulegum landsliðsmönnum sem spila í efstu deildum hér á Íslandi aukast einnig líkurnar á því að fleiri landsliðsmenn nái upp á það getustig að geta spilað erlendis, í sterkari deildum, alveg eins og gerðist hjá KKÍ eftir að 4 – 1 reglan var sett á og þar með hækkað getustig landsliðsmanna og landsliðanna til lengri tíma.

Reglugerð um bikarkeppni BLÍ

Núverandi reglugerð:

2. gr. Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Mótanefnd BLÍ setur félögum tímamörk fyrir einstaka umferðir og setur á leiki. Það lið sem fyrr er dregið úr pottinum skal fá heimaleik. Þó skal lið í lægri deild eða utan deildar ávallt fá heimaleik gegn liði sem er úr efri deild fram að undanúrslitum.

Tillaga að breytingu: **MEIRIHÁTTAR**

Skemmtileg nálgun að dregið sé í útsláttarkeppni og allir geti lent á móti öllum. En þar sem þetta er stærsti sjónvarpsviðburðurinn okkar verðum við líka að gera það sem við getum til þess að framvísa blaki á því stigi sem við erum komin á og þó það sé oftast en ekki niðurstaðan getur það endað öðruvísi sé dregið þannig. Legg til að skoða það að þegar dregið verði í 8 liða úrslitum fari efstu fjögur liðin öll á sama helming og þ.a.l. lendi þau ekki saman og hin liðin dragist þá á móti þeim. Þetta getur líka ýtt undir metnað hjá liðum að vilja halda sér í efstu fjórum sætum fyrri hluta tímabilsins.

Núverandi reglugerð:

3. gr.

- Í fyrstu umferð skulu leika lið sem spila í 2. deild eða neðar, skipt eftir kjördæmum. Þó þannig að Reykjavíkurborgskjördæmin og Suðvesturkjördæmi (kraginn) teljist eitt kjördæmi.
- Í annarri umferð koma inn lið úr 1. deild. Að þeirri umferð lokinni koma inn lið úr Úrvalsdeild nema ef heildarfjöldi liða að meðöldum Úrvalsdeildarliðum sé fleiri en 16. Ef svo er skulu neðri deildarliðin leika eins margar umferðir og þarf þangað til heildarfjöldi liða að meðöldum Úrvalsdeildarliðum er orðinn 16 eða færri.
- Þátttökugjald skal ákvarðast af mótanefnd í samráði við gjaldkera BLÍ ár hvert.
- Mæti lið ekki til leiks skal það sektað samkvæmt reglugerð um Íslandsmót og deildakeppni.

4. gr. Komi til þess að lið þurfi að sitja yfir við drátt til að koma fjölda liða í töluna 16 eða 8, hvort heldur sem passar betur, skulu liðin sitja yfir í eftirfarandi röð miðað við úrslit síðasta keppnistímabils:

- Bikarmeistarar
- Íslandsmeistarar
- Síðan þau lið sem eftir verða í pottinum þegar búið er að draga í viðkomandi umferð.

Tillaga að breytingu: **MEIRIHÁTTAR**

3. gr. endurorðuð:

- Í fyrstu umferð skulu leika lið sem spila í 2. deild eða neðar og spilað er helgarmótafyrirkomulag sem er útfært eftir fjölda liða að hverju sinni en tryggir hverju liði a.m.k. 3 leiki.
- Efstu liðin komast áfram í næstu umferð. Fjöldi ákvarðast af því hve mörg lið úr 1. deild og úrvalsdeild eru skráð eða þannig að það séu 16 lið í 16 liða úrslitum. Úrvalsdeildarliðin geta ekki dregist hvor á móti hvoru öðru í 16 liða úrslitum.
- Þátttökugjald skal ákvarðast af mótanefnd í samráði við gjaldkera BLÍ ár hvert.
- Mæti lið ekki til leiks skal það sektað samkvæmt reglugerð um Íslandsmót og deildakeppni.

4.gr dettur út.

Ástæða: Hafa mótið ódýrara í byrjun til að fleiri lið úr neðri deildum hafi kost á að taka þátt. Þar sem lið í úrvalsdeildum eru orðin fleiri en 8 þá þýðir ekki lengur að bæta þeim liðum við í 8 liða úrslitum.

Reglugerð um félagaskipti

Núverandi reglugerð:

5. gr. Fullgild félagaskipti og liðaskipti í úrvalsdeild og 1.deild verða móttækin með rafrænum hætti frá 15. maí til og með 31. október og frá 1. janúar til og með 31. janúar ár hvert og taka gildi um leið og mótastjóri eða framkvæmdastjóri BLÍ hefur samþykkt þau rafrænt sbr. starfsreglur vegna félagaskipta og liðaskipta. Félagaskiptablað eða tilkynning um liðaskipti og greiðsla vegna þessa verða að berast með sannarlegum hætti fyrir miðnætti og verða þau tekin til skoðunar næsta virka dag. Móttökudagur yfirlýsingar um félagaskipti eða tilkynningar um liðaskipti er sá dagur þegar öllum skilyrðum reglugerðarinnar hefur verið fullnægt.

Tillaga að breytingu: MEIRIHÁTTAR

Bæta við reglugerð sem opnar félagsskiptaglugga og gefur leikmönnum tækifæri til þess að færa sig um sess ef eitthvað svakalegt myndi gerast hjá núverandi félagsliði sem myndi hindra áframhaldandi þátttöku eða slíkt, að lið eða einstaklingar geti þá sótt um slíkan frest.